

Viðbrögð vegna gruns um myglu fyrir starfsfólk og stjórnendur

Leiðbeiningar þessar og samantekt voru upphaflega gerðar af Kennarasambandi Íslands og fékk BHM góðfúslegt leyfi til að notast við þær fyrir sitt félagsfólk.

Hér er að finna samantekt á viðbrögðum og aðgerðum þegar upp kemur grunur um óheilnæmar vinnuáðstæður vegna raka og/eða myglu. Viðkomandi stéttarfélag veitir sínu félagsfólki nánari upplýsingar og aðstoð.

Efnisyfirlit

| | | |
|----|--|---|
| 1. | Tilkynningar – hvað þarf að gera? | 2 |
| | Ef grunur er um myglu en viðkomandi finnur ekki fyrir einkennum | 2 |
| 2. | Hvenær þarf að fá mat læknis? | 3 |
| | Ef grunur er um myglu og viðkomandi finnur fyrir einkennum..... | 3 |
| | Ef læknir metur að veikindi tengist myglu á vinnustað | 3 |
| | Ef starfsmaður telur sig vinnufæran | 3 |
| | Ef læknir metur starfsmann vinnufæran | 3 |
| | Ef læknir metur starfsmann aðeins vinnufæran til að starfa í heilnæmu vinnuumhverfi. | 4 |
| 3. | Réttindi félagsfólks | 5 |
| | Ef viðkomandi er starfshæfur til að vinna á heilnæmum vinnustað sem ekki er haldinn óeðlilegri myglu | 5 |
| 4. | Atvikaskráning trúnaðarmanns | 6 |
| | Leiðarvísir og skráningarblað..... | 6 |
| | Skráningarblað atvika | 7 |

1. Tilkynningar – hvað þarf að gera?

Ef grunur er um myglu en viðkomandi finnur ekki fyrir einkennum

- a) **Tilkynna stjórnanda** um grun um myglu með tölvupósti.
Fá staðfestingu á móttöku tilkynningar og geyma tölvupóstinn.
- b) **Tilkynna öryggistrúnaðarmanni og félagslegum trúnaðarmanni** grun um myglu með tölvupósti. Óska eftir rannsókn vinnuumhverfis.
Fá staðfestingu á móttöku tilkynningar og geyma tölvupóstinn.
- c) **Senda Vinnueftirlitinu ábendingu** um meint óheilbrigt vinnuumhverfi vegna gruns um myglu. <https://vinnueftirlitid.is/thjonusta/hafa-samband>.
Geyma afrit.
- d) **Tilkynna heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags** um meint óheilbrigt vinnuumhverfi vegna gruns um myglu.
Fá staðfestingu á móttöku tilkynningar og geyma tölvupóstinn.
- e) **Óska eftir afriti** af gögnum sem tengjast rannsókn úttektaraðila á vinnuumhverfi t.d. skýrslu verkfræðistofu eða niðurstöðum úr sýnatökum.

2. Hvenær þarf að fá mat læknis?

Ef grunur er um myglu og viðkomandi finnur fyrir einkennum

- a) **Fara til læknis** og reyna að fá úr því skorið hvort veikindi stafi af myglu til dæmis með ofnæmisprófi. Hafa skal í huga að einstaklingur getur fundið fyrir einkennum og veikt jafnvel þó svo að ekki greinist ofnæmi fyrir myglusvepp.

Ef læknir metur að veikindi tengist myglu á vinnustað

- a) **Óska eftir** því að læknirinn sendi tilkynningu til Vinnueftirlitsins um grun um atvinnusjúkdóm.
Fá afrit af tilkynningu.
- b) **Óska eftir** læknisvottorði þess efnis að einstaklingur sé óvinnufær vegna atvinnusjúkdóms sem stafar af myglu á vinnustað og senda vinnuveitanda vottorð.
- c) **Tilkynna stjórnanda** skriflega um grun um myglu á vinnustað og óska eftir rannsókn.
Fá staðfestingu á móttöku tilkynningar og geyma tölvupóstinn.
- d) **Tilkynna öryggistrúnaðarmanni og félagslegum trúnaðarmanni** skriflega um grun um myglu á vinnustað og óska eftir rannsókn.
Fá staðfestingu á móttöku tilkynningar og geyma tölvupóstinn.
- e) **Sendu Vinnueftirlitinu ábendingu** um meint óheilbriggt vinnuumhverfi vegna gruns um myglu. <https://vinnueftirlitid.is/thjonusta/hafa-samband>.
Geyma afrit.
- f) **Tilkynna heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags** um meint óheilbriggt vinnuumhverfi vegna gruns um myglu.
Fá staðfestingu á móttöku tilkynningar og geyma tölvupóstinn.
- g) **Óska eftir afriti** af gögnum sem tengjast rannsókn úttektaraðila á vinnuumhverfi þegar við á. Til dæmis skýrslu verkfræðistofu, niðurstöðum úr sýnatökum o.s.frv.

Ef starfsmaður telur sig vinnufæran

- a) Óska eftir mati læknis á vinnufærni.

Ef læknir metur starfsmann vinnufæran

- a) Óska eftir starfshæfnisvottorði.

Ef læknir metur starfsmann aðeins vinnufæran til að starfa í heilnæmu vinnuumhverfi.

- a) Óska eftir vottorði þar sem það kemur fram.
- b) Skila vottorði til stjórnanda.
- c) *Geyma afrit af öllum vottorðum.*
- d) Senda starfshæfnisvottorð til stjórnanda.
- e) Tilkynna um komu til baka til starfa í heilnæmu vinnuumhverfi.
- f) Vinnuveitandi getur óskað eftir álitum trúnaðarlæknis.
- g) Óska eftir að starfa í heilnæmu ósýktu vinnuumhverfi sem ekki er haldið óeðlilegri myglu.
- h) Ef viðeigandi lagfæringum á vinnustað er ekki lokið þarf að óska eftir vinnuáðstöðu í heilnæmu vinnuumhverfi.

3. Réttindi félagsfólks

- a) Krafa er um að viðunandi úrbætur verði gerðar á vinnustað ef skilyrði um heilnæmt vinnuumhverfi eru ekki uppfyllt.
- b) Ef veikindaréttur er minni en 273 dagar á ári á viðkomandi rétt á allt að 91 degi til viðbótar ef veikindi stafa af myglu á vinnustað (þá flokkast þetta sem atvinnusjúkdómur).

Ef viðkomandi er starfshæfur til að vinna á heilnæmum vinnustað sem ekki er haldinn óeðlilegri myglu.

- a) Á viðkomandi rétt á að koma aftur til starfa.
- b) Þarf vinnuveitandi að skoða hvert mál fyrir sig og t.d. bjóða viðkomandi starfsmanni upp á öruggt / heilnæmt vinnuumhverfi með því að:
 - i. Færa starfsstöð viðkomandi á meðan úrbætur á vinnustað fara fram.
 - ii. Senda viðkomandi í launað leyfi á meðan úrbætur á starfsumhverfi fara fram sem dregst þá almennt hvorki frá veikindaleyfi né sumarorlofi.

4. Atvikaskráning trúnaðarmanns

Leiðarvísir og skráningarblað

Æskilegt er að öryggistrúnaðarmaður og/eða félagslegur trúnaðarmaður haldi nákvæma atvikaskráningu.

Mikilvægt er að skrá tilkynningu um grun um myglu á vinnustaðnum svo halda megi sögunni til haga ef fleiri tilkynningar berast.

Að neðan má finna skráningareyðublað þar sem tilkynning er skráð kerfisbundið. Leiðbeiningar með skráningu

1. Öryggistrúnaðarmaður og/eða trúnaðarmaður heldur utan um atvikaskráningu. Alltaf skal láta viðkomandi vita ef grunur leikur á um myglu. **Allt skal skráð.**
 - a. Allir vinnustaðir með 10 starfsmenn eða fleiri skulu skipa öryggistrúnaðarmann (sjá *Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum* 2. kafli 5. gr.).
 - b. Á vinnustöðum þar sem starfa 50 starfsmenn eða fleiri skal skipa öryggisnefnd (sjá *Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum* 2. kafli 6. gr.).
 - c. Á vinnustað þar sem færri en 10 starfsmenn starfa er stjórnandi ábyrgur fyrir „góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað í nánú samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra...“ (sjá *Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum* 2. kafli 4. gr.).
2. Öryggistrúnaðarmaður skráir tilkynningu. Huga þarf að trúnaði og skrá persónugreinanlegar tilkynningar í trúnaðarbók
3. Öryggisnefnd/öryggistrúnaðarmaður, félagslegur trúnaðarmaður ásamt stjórnanda meta hvort hefja eigi rannsókn á meintri myglu.
4. Öryggistrúnaðarmaður eða stjórnandi upplýsir starfsfólk um eðli rannsóknar og síðar niðurstöður.

Skráningarblað atvika

Dagsetning:

Útfyllt af:

Hver er tilkynningin?

- Hvar er grunur um myglu?

Af hverju er tilkynnt?

- Vegna gruns um myglu

- Vegna líkamlegra einkenna

Hvernig verður brugðist við tilkynningunni og af hverju?

- Rannsókn

- Engin viðbrögð

Hvaða hættu gæti skapast af aðgerðaleyfi?

Lýstu því hvaða lærdóm má draga af viðbrögðunum